



Íslenski söfnuðurinn
í Noregi

Ársskýrsla

Aðalfundur Íslenska safnaðarins 5. maí 2019



Dagskrá aðalfundar 5. maí 2019

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar/formanns.
4. Stefna stjórnar.
5. Starfssemi ársins 2018.
6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram.
7. Tillögur.
8. Kosning í stjórn.
9. Kosning í aðrar nefndir.
10. Önnur mál.

Efnisyfirlit

4/5	Skýrsla formanns
6/7	Stefna stjórnar
8/9	Starfsárið 2018
10/11	Rekstrar- og efnahagsreikningur
12/13	Skýringar með rekstrareikningi
14/15	Fjárhagsáætlun 2019 og sundurliðun
16/17	Staðfesting löggilts endurskoðanda
18/19	Styrets kortfattig ársmedling for 2018
20/21	Árshjól 2019-2020
22/23	Megin starfsstöðvar Íslenska safnaðarins

SKÝRSLA FORMANNS

Að horfa fram á veginn, vaxa og dafna er merki um gott starf, góða samvinnu og metnað til að ná settum markmiðum.

Að loknum erfiðum aðalfundi og framhaldsaðalfundi á vormánuðum 2018 var lögð mikil vinna í endurskipulagningu á öllum sviðum starfsseminnar. Ég ætla ekki að dvelja um of við einstök mál né fortíðarvanda safnaðarins, en kýs þess í stað að horfa meira til framtíðar og kynna ykkur mína sýn á einstöku tækifæri safnaðarins til að vera drífandi stuðningsaðili í að efla samfélag okkar Íslendinga hér í Noregi.

Í kjölfar mikilla erfiðleika síðustu þriggja ára vegna minnkandi tekna, ósættis meðal starfsfólks og óánægju meðal sóknarbarna, þá var þörf á breytingum og ekki minnst styrkri stjórn við að endurskipuleggja starfið og gera það skilvirkara. Þessar breytingar hafa ekki verið sársaukalausar ekki síst þegar litið er til breytinga í starfsmannahaldi.

Á þessu eina ári höfum við með afgerandi hætti brett upp ermarnar og með mikilli vinnu náð að færa starfssemi safnaðarins í betra horf. Af ýmsu er að taka en ég mun stikla á stóru í upptalningu minni á stærstu verkefnunum sem hafa verið unninn á árinu.

Vinna við meðlimaskrá

Eitt af brýnustu verkefnum stjórnar var að endurvinnna og koma skikki á meðlimaskrá safnaðarins í kjölfar nýrra reglna norska ríkisins er varðar skráningu meðlima í önnur trúfélög en norsku kirkjuna. Þessi vinna hófst árið 2016 en í haust var settur kraftur í þetta ferli með aðstoð almannatengslafyrirtækisins Consort. Þessi vinna fólst í því að hafa samband við fyrirverandi meðlimi, sem höfðu ekki staðfest aðild sína. Þessi aðgerð skilaði rúmlega 80% árangri en því miður þá misstum við allnokkra einstaklinga vegna þessara aðgerða einkum vegna þess að viðkomandi mat þessa aðgerð sem óæskilega truflun á friðhelgi einkalífsins.

Þess má einnig geta að það fundust fleiri hundruð gamlar skráningar í Ólafíustofu sem höfðu ekki verið færðar inn í meðlimatal safnaðarins. Þetta voru bréf, tölvupóstar og SMS-skeyti sem náði allt aftur til ársins 2016. Einnig ber að nefna formgalla í félagaskrá safnaðarins, Babýlon, sem lýsir sér þannig að einungis elsti einstaklingur heillar fjölskyldu var skráður en aðrir fjölskyldumeðlimir ekki.

Í dag höfum við náð þeim árangri að taka á móti staðfestum skráningum frá 6692 einstaklingum. Um 8600 íslenskir ríkisborgarar búa í Noregi og þegar best lét þá taldi fjöldi meðlima rúm sjö þúsund einstaklingar. Við erum því ekki langt frá þeirri tölu í dag og þrátt fyrir að búið sé að hreinsa meðlimaskránnu eins og hægt er þá höfum við enn verk að vinna við að snúa fólki tilbaka.

Sivilombudsmannen og gjafasókn

Eins og flestum er kunnugt þá var áðurnefnd reglubreyting norskra stjórnvalda kærð til Sivilombudsmannsins hér í Noregi. Hlutverk hans er ekki ólíkt hlutverki Umboðsmanns Alþingis á Íslandi. Að þessari kæru stóðu ásamt okkur, finnski söfnuðurinn og sænski söfnuðurinn í Noregi. Þessi samstaða norrænu safnaðanna á sér ekki hliðstæðu og er ánægjulegt að segja frá því að samstarfið hefur gengið eins og í sögu og við notið góðrar aðstoðar lögfræðingana Knut Rognlien og Þór Garðarsson, sem hefur með virkum hætti setið fundi og fylgst með frá hliðarlínunni um gang þessa tiltekna máls.

Embætti Sivilombudsmannsins tók við þessari kæru og vann greinargerð um lögmæti þessara reglubreytinga, en niðurstaða embættisins er á þá leið að norsk stjórnvöld brutu gegn jafnræðisreglu norskra laga. Sivilombudsmaðurinn viðurkennir þó tilvist reglugerðar um skráningar í trúfélög.

Embætti Sivilombudsmannsins hvetur norrænu söfnuðina til þess að stofna til dómsmáls og útkljá þessi mál fyrir dómstólum. Þegar slík niðurstaða frá embætti Sivilombudsmannsins ber á góma þá eru 99% líkur á að um unnið mál sé að ræða að mati Knut Rognlien og fleirri lögfræðinga honum tengdir. Eftir allmarga fundi með norrænu söfnuðunum þá er samstaða um að taka málið lengra, þiggja tilboð Sivilombudsmannsins um gjafasókn og fara dómstólaleiðina. Lokahnykkurinn í þessu máli er því sá að sænski og Íslenski söfnuðurinn munu fara dómstólaleiðina en sá finnski vill halda sér til hlés.

Það er samstaða meðal norrænu safnaðanna að þrýsta á norsk stjórnvöld um að ganga að kröfum safnaðanna um endurgreiðslu sóknargjalda þrjú ár aftur í tíman eða fá málið útkljáð fyrir dómstólum. Þetta ferli getur tekið allt að tveimur árum en ávinningur okkar er töluverður eða rúmar 10 milljónir. Að auki munum við leggja fram kröfu um endurgreiðslu á öllum kostnaði sem í dag hleypur á 812 000 norskra króna.

Hæft og hæfileikaríkt starfsfólk

Okkur er annt um söfnuðinn og höfum við þá trú að þessar aðgerðir ársins séu til þess fallnar að auka bæði hag hans og styrkja starfssemina til frambúðar. Nú horfum við fram á veginn og væntum þess að með ráðningu nýs prests, Ingu Harðardóttur, hafist sú vegferð við að endurreisa starfssemi safnaðarins og færa hana til betri vegar svo eftir verður tekið. Með Ingu innanborðs og hennar hæfileika gerum við okkur væntingar um ná að móta starfið fram í þaula og temja okkur ný vinnubrögð og aðra nálgun svo settum markmiðum verði náð. Til að svo megi verða þurfum við að treysta á hæfni og hæfileika leiðtoga okkar og starfsfólks.

Við þurfum að setja skýr markmið og í framhaldi af því setja fram raunhæfar áætlanir. Í þessu sambandi er mikilvægt að setja fram raunhæfar tímaáætlanir fyrir verkefni og gera sér grein fyrir og vera meðvituð um vandamál og hindranir í leið að settum markmiðum. Einnig er lykilatriði að stýra forgangsmálum og meta þau stöðugt. Góður stjórnandi verður að vita hvert á að fara en verður að undirbúa ferðina afar vel og vera tilbúinn að breyta leiðinni ef nýjar upplýsingar eða aðstæður krefjast slíks. Þess vegna má aldrei setja áætlun á sjálfstýringu eins og verið hefur, heldur er þörf fyrir stöðuga vöktun.

Þakkir

Ég tók sæti fyrir algjöra tilviljun í aðalstjórn safnaðarins á vormánuðum 2018 og hef því setið í stjórn safnaðarins í 1 ár. Ég hlakkar til framhaldsins og vonast til þess að fá tækifæri til að efla starfssemina næstu árin í góðri samvinnu við sóknarnefnd, sóknarprest og annars starfsfólks. Ég tel að vel hafi verið unnið úr málum á árinu og fyrir vikið stendur söfnuðurinn styrkari fótum í dag en fyrir ári síðan.

Í kjölfar fyrrnefndra starfsmannabreytinga og með breyttu verklagi getur stjórn og safnaðarmeðlimir verið stoltir af stöðunni og fylgt sér bak góðra stjórnenda og starfsfólks sem sinnir starfi sínu af alúð og trúmennsku. Ég vil þakka öllu núverandi og þá sérstaklega fyrrverandi starfsfólki safnaðarins fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Þá vil ég sérstaklega þakka stjórnarmönnum og samstarfsaðilum á tímabilinu fyrir gott og farsælt samstarf - þó oft hafi það verið erfitt á köflum.

Rúnar Sigríksson
formaður safnaðarstjórnar

STEFNA STJÓRNAR

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af Þjóðkirkju Íslands. Söfnuðurinn deilir grunngildum og markmiðum starfsins með Íslensku Þjóðkirkjunni. Hér er lýst stefnu og áherslum í safnaðarstarfi og rekstri sem tekur mið af þeirri sérstöðu að vera kirkja meðal Íslendinga erlendis. Áherslur safnaðarins birtast í eftirfarandi verkefnum sem skipulögð og unnin eru í samvinnu stjórnar safnaðarins, sóknarprests, launaðra leiðtoga og sjálfboðaliða.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er:

- Hreyfing fólks sem á samleið í trúnni á Guð sem Jesús Kristur birtir og boðar.
- Gott, litríkt og vaxandi samfélag sem hefur kristleg gildi að leiðarljósi í samskiptum við fólk með mismunandi þarfir og skoðanir.
- Íslensk menningarmiðstöð þar sem rækt er lögð við íslenska tungu, tónlist og sögu.
- Afl sem styður fólk fram veginn í störfum sínum og eflir það og hvetur til framfara og góðra verka til þjónustu við Guð og náungann.
- Hreyfing sem er annt um vegferð og framgang barnafjölskyldna.
- Leggur áherslu á barna- og unglingastarf.

Aðalverkefni

Boðun:

Söfnuðurinn boðar kristna trú meðal Íslendinga í Noregi á grundvelli evangelískrar Lútherskrar trúar og í samræmi við stefnu og starfsáherslur Þjóðkirkju Íslands.

Helgihald og kirkjutónlist:

Söfnuðurinn stendur fyrir reglulegu helgihaldi í Ósló, Bergen, Stavanger, Trondheim, Tromsø og fleiri stöðum. Stefnt er að því að skipuleggja helgihald á þeim stöðum í Noregi þar sem íslendingar búa og íslendingafélög óska eftir. Til að efla helgihaldið skal unnið að....

1. Aukinni messusókn og eflingu kirkjutónlistar um landið með því að bjóða upp á fjölbreytt helgihald.
2. Virkjun hópa til þátttöku í helgihaldinu með því að stuðla að því að fá fólki hlutverk af ýmsum toga.
3. Stuðningur við íslenskt kórastarf.
4. Fræðsla um messuliði til aukins skilnings og lifandi þátttöku.
5. Sköpun andlegs rýmis og athvarfs til umhugsunar, bænar og kyrrðar.

Barna- og unglingastarf:

- Unga kynslóðin skal vera í öndvegi í starfi safnaðarins.
- Foreldrahópar eru skipulagðir á vegum safnaðarins.
- Boðið er upp á reglulegt sunnudagaskólastarf og TTT með vönduðu barnaefni. Áherslan er á biblíufræðslu og þjálfun í íslensku.
- Boðið er upp á sumarbúðir fyrir börn tíu til tólf ára - TTT
- Almennar guðsþjónustur miða einnig að þátttöku allrar fjölskyldunnar.
- Fermingarfræðsla er skipulögð af sóknarpresti með námi í fermingarbúðum tvisvar á ári, verkefnavinnu á netinu og fræðslustundum þar sem einnig er notast er við fjarfundabúnað til að allir geti tekið þátt hvar sem þeir eru búsettir í Noregi.
- Eftir fermingu er unglingum boðið að vera með í æskulýðsfélagi sem fer eina ferð á ári til Íslands eða hittist innan Noregs.
- Barna- og unglingastarf er félagi í ÆSKP æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar.

Kærleiksþjónusta og hjálparstarf:

- Prestur veitir liðsinni og sál gæslu þeim sem eftir því leita. Söfnuðurinn vill hjálpa til við að rjúfa múra fátæktar og einangrun einstæðinga, langveikra og aðstandenda þeirra.
- Söfnuðurinn leggur til fasta fjárhæð árlega til Ólafúsjóðs, sem er hjálparsjóður fyrir nauðstadda íslendinga í Noregi.
- Söfnuðurinn vill efla starf fyrir eldri borgara og skipuleggja heimsóknarþjónustu til þeirra sem ekki komast til kirkju. Boðið er upp á reglulegt starf 60+ í Ósló

Fræðslustarf:

- Söfnuðurinn vill vekja áhuga á og fræða um kristna trú og kristið gildismat. Leitast skal við að koma á framfæri trúarlegu fræðsluefni á íslensku fyrir börn og fullorðna.
- Söfnuðurinn vill styðja við íslenskukennslu fyrir börn
- Stefnt er að því að halda fyrirlestur og/eða námskeið sem tengist kristni eða kristinni lífsýn fyrir fullorðna á ári hverju.

Menning:

- Íslenski söfnuðurinn í Noregi leggur rækt við íslenska tungu og menningu í breiðum skilningi.
- Söfnuðurinn stuðlar að listflutningi íslensks efnis í helgihaldi, t.d. tónlist, leiklist og styður félagslíf Íslendinga í Noregi á menningarlegum grundvelli.
- Söfnuðurinn er tilbúinn til samstarfs um kynningu á Íslandi.

Samkirkjustarf:

- Íslenski söfnuðurinn í Noregi leggur rækt við samvinnu og samstarf við Norsku kirkjuna.
- Söfnuðurinn er í góðu samstarfi við Sænsku og Finnsku kirkjurnar í Noregi og tekur árlega þátt í sameiginlegri guðspjónustu þeirra.
- Söfnuðurinn tekur þátt í sameiginlegum guðspjónustum erlendra safnaða í Ósló
- Samstarf og samráð er haft við aðra íslenska söfnuði erlendis.

Stoðverkefni

Fjármál, húsnæði og aðstaða:

- Söfnuðurinn gerir árlega fjárhagsáætlun þar sem tekið er mið af ofangreindri stefnumörkun safnaðarins.
- Söfnuðurinn leitast við að fjárhagur hans sé slíkur að til sé varasjóður.
- Söfnuðurinn leitast við að fá aðstöðu fyrir starfseminu í Norsku kirkjunni eða kirkjum annarra norðurlandapjóða.
- Söfnuðurinn greiðir sanngjarna leigu til þeirra sem veljast til samstarfs eða sýnir þakklætisvott sinn með öðrum hætti, þar sem ekki er óskað endurgjalds.
- Söfnuðurinn er með skrifstofu í Ósló.
- Allt skipulagt starf safnaðarins skal vera aðgengilegt fötluðum.

Starfsmannamál:

- Söfnuðurinn býður launuðum leiðtogum og sjálfboðaliðum safnaðarstarfsins upp á námskeið og þjálfun í samvinnu við biskupsstofu á Íslandi.
- Sjálfboðaliðum skal veitt viðurkenning og umbun. Leitast skal við að greiða fyrir unnin störf, ef fjárhagur og forsendur eru fyrir hendi. Safnaðarstjórn/sóknarnefnd ákveður upphæðir þóknana í ársbyrjun ár hvert.
- Söfnuðurinn hefur í öndvegi fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Upplýsingamál:

- Halda skal úti vandaðri heimasíðu og nýta samfélagsmiðla, s.s. Facebook til að miðla upplýsingum um t.d. viðburði og annað.
- Söfnuðurinn sendir út messuauglýsingu í samstarfi við tengiliði sína.
- Söfnuðurinn kys að hafa samstarf við Íslendingafélögin og/eða íslensku kórana í Noregi bæði í tengslum við messukaffi og messuauglýsingar.

Manntalsgerð:

- Stefnt er að því að hafa á skrá alla þá Íslendinga sem hafa íslenskar og norskar kennitölur og skráðir eru í Þjóðkirkju Íslands.
- Halda skal vel utan um sóknarmanntal safnaðarins og uppfæra tvisvar á ári.
- Gæta skal að persónuvernd samkvæmt lögum.

Samstarf:

- Söfnuðurinn skal eiga gott samstarf við Íslendingafélögin víðsvegar um Noreg, Sendiráð Íslands, íslensku kórana sem og aðra þá aðila sem styðja og efla vilja starf Íslenska safnaðarins í Noregi.

STARFSÁRIÐ 2018

Ávarp fyrrverandi presta safnaðarins

Verki okkar prestanna í söfnuði Íslendinga í Noregi er lokið og ný verkefni kalla okkur til þjónustu. Nýr þjónn verður kallaður til að þjóna hér. Við óskum söfnuðinum til hamingju með þá köllun og biðjum Guð að blessa þjónustu hennar.

Þið sem hafið þegið þjónustu presta safnaðarins og leyft okkur að gleðjast með ykkur á gleðistundum, gráta með ykkur á stundum sorga og trega, leyft okkur að bera með ykkur þunga og áhyggjur - það traust sem þið hafið sýnt okkur hefur verið okkur afar hjartfólgðið. Það er nærandi og gefandi að geta sinnt köllun okkar með þeim hætti. Fyrir það verðum við ævinlega þakklátar og þið verðið ávallt í bænnum okkar.

Breytingar leiða til breyttrar stöðu en þurfa ekki endilega að boða eitthvað betra eða verra. Breytingar eru einfaldlega hluti af lífinu. Breytingar kalla okkur til að takast á við nýja hluti, sem með Guðs hjálp leiða til þroska og vaxtar. Það er dýrmætt að geta hvílt í þeirri vissu að Guð er með okkur í öllum breytingum, á öllum tímamótum lífsins. Guð varðar veginn, gengur með okkur, verndar, leiðir og reisir.

Við prestarnir viljum þakka falleg og góð kynni við sóknarbörnin okkar. Það urðu til bönd sem ekki slitna. Við þökkum fyrir þann fjölda símtala og tölvuskeyta sem við höfum fengið síðustu mánuði með góðum óskum og bænnum um farsæld á nýjum vettvangi. Guð blessi ykkur öll.

sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir og sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir

Krefjandi ár með miklum breytingum

Árið 2018 einkenndist af umtalsverðum niðurskurði í starfinu vegna verulegra skerta tekna frá því sem verið hefur undanfarin ár. Unnið var ötullega að því að fá íslendinga búsetta í Noregi til að skrá sig að nýju í söfnuðinn. Fyrirtækið Consort sá um að hringja í fólk og er óhætt að segja að vel hafi gengið. Í lok ársins höfðu skráð sig tæplega 7000 manns sem er mikið stökk í fjölda meðlima sem var um 1100 í lok ársins 2017. Við gleðjumst að sjálfsgöðu yfir góðum árangri og bjartari tímum framundan í starfi safnaðarins.

Á árinu lét sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir af störfum og fór til starfa hjá norsku kirkjunni. Einnig hætti Inga Erlingsdóttir, starfskona safnaðarins eftir áralanga þjónustu.

Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þjónustu við söfnuðinn og óskum þeim góðs gengis.

Sóknarprestur safnaðarins, sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, var í veikindaleyfi stærsta hluta ársins og frá og með 1. nóvember var gert samkomulag um að hún færi í námsleyfi. Af því leiddi að nokkuð margir komu að helgihaldi safnaðarins þetta árið.

Formaður stjórnar safnaðarins, Rúnar Sigríksson, tók tímabundið að sér störf á skrifstofu sem og ýmislegt annað tilfallandi í fjarveru sóknaprests.

Guðsþjónustur, helgihald og aðrar athafnir

Helgihald var á 8 stöðum á árinu. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Sandefjord, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Trondheim, Tromsø og á Íslandi. Alls voru þetta 33 messur og 2 helgiathafnir. Að auki voru skírd 7 börn, 2 hjónavígslur og 2 útfarir/minningarathafnir.

Auk Ragnheiðar og Lilju þjónuðu eftirfarandi aðilar við athafnir: Margrét Ólöf Magnúsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Kristinn Ólason, Eiríkur Jóhannsson, Inga Harðardóttir, Gunnar Einar Steingrímsson og Lena Rós Matthíasdóttir.

Ekki má gleyma að við messur koma mun fleiri aðilar að, gjarnan tengiliðir úti á landsbyggðinni, kórar, einsöngvarar og hljóðfæraleikarar. Eftir messurnar er einnig boðið upp á messukaffi þar sem ýmist Íslendingafélög, kórar eða jafnvel foreldrar fermingarbarna sjá um að töfra fram veitingar.

Ólafíuhátíð

Þann 22. október komu saman í Ólafíustofu um 15 manns á minningarhátíð um Ólafíu Jóhannsdóttur. Við Íslendingar getum verið stoltir af verkum Ólafíu í Ósló í byrjun síðustu aldar. Var hún um margt brautryðjandi á sviði mannúðarmála og er aðkoma hennar að málefnum kvenna, sem áttu um sárt að binda, mikils metin af Óslóarborg. Ólafíuhátíðin fór vel fram og söng sönghópurinn Laffi (nefndur efir gælunafni Ólafíu) nokkur lög af því tilefni og gestir gæddu sér á íslenskum kleinum og norskum vöfflum.

Aðventuhátíð í Ósló

Aðventuhátíðin fór að þessu sinni fram í Majorstuen kirke. Jólin voru í hávegum höfð í tónlistardagskránni og fluttu

flytjendur nokkur af sínum uppáhalds jólalögum en það voru þær Rebekka Ingibjartsdóttir, fiðluleikari, Guðbjörg Magnúsdóttir, söngkona og söngkennari og tvær upprennandi stjórnur, Isold Hekla Apeland og Arndís Rán Snæþórsdóttir. Ískórinn var á sínum stað undir stjórn Gróu Hreinsdóttur sem einnig lék undir á píanó.

Inga Harðardóttir, guðfræðingur og fræðslufulltrúi Hallgrímskirkju, var með hugvekju og fór með bæn og Harpa Stefánsdóttir flutti hátíðarræðu sem fjallaði um umhverfismál. Fermingarbörn kveiktu á kertum og á aðventukransinum. Rebekka Ingibjartsdóttir sá um sunnudagaskólan fyrir yngstu börnin og var afar góð mæting. Börnin stilltu sér svo upp fyrir framan kirkjugestina þegar allir sungu lokalagið - Heims um ból.

Það var ánægjulegt að sjá hversu margir gáfu sér tíma til að koma og njóta fallegrar tónlistar, orða og svo veitinga á eftir.

Sálgæsla og kærleikspjónusta

Prestar safnaðarins sinntu þessari þjónustu og fóru í hús- og sjúkrahúsvitjanir, veitt voru sálgæsluviðtöl bæði augliti til auglitis og gegnum síma eða tölvupóstsamskipti.

Fermingarfræðsla

Á vorönn fengu fermingarbörn á Óslóarsvæðinu fræðslu í Ólafíustofu þær helgar sem guðspjónustur voru í Ósló. Fermingarbörn á landsbyggðinni hittu djákna og presta í tengslum við guðspjónustur en annars fór fræðslan að miklu leiti gegnum tölvur og internet. Í lok apríl fór stór hluti fermingarbarnanna saman til Lillomarkskapellen þar sem var fræðsluhelgi. Með í för voru auk sr. Lilju, Rebekka Ingibjartsdóttir og nokkrir ungliðar. Auk hefðbundinnar fræðslu voru stuttar helgiathafnir, leikir og kvöldvökur.

Alls voru það 17 börn sem fermdust hjá söfnuðinum, í Oslo, Bergen og á Íslandi en nokkur önnur völdu að fermast á sínum fyrri heimaslóðum á Íslandi.

Á haustönninni voru 27 börn skráð í fermingarfræðslu. Fræðslan hefur farið fram í Ólafíustofu, oftast í tengslum við guðspjónustur í Ósló. Nokkuð margir komu að fræðslunni, bæði prestar og Jónína Margrét Arnórsdóttir. Fjárfest var í fjárfundabúnaði þannig að þau sem búa úti á landi geti fylgst með á netinu.

Sunnudagaskóli

Á árinu var eingöngu sunnudagaskóli í Ósló í umsjá Rebekku Ingibjartsdóttur, Sandefjord og Kristiansand í umsjá Margrétar Ólafar Magnúsdóttur. Ekki tókst að fá aðila á öðrum stöðum til að sjá um starfið. Sunnudagaskóli hefur verið samhlíða guðspjónustum. Söfnuðurinn bauð börnum upp að fermingu upp á jólanammi sem hinir ýmsu jólasveinar afhentu á jólaböllum sem haldin voru í tengslum við jólamessurnar.

Unglinga-/æskulýðsstarf

Einungis var starf allt árið í Ósló í umsjá Rebekku Ingibjartsdóttur og Sandefjord í umsjá Margrétar Ólafar Magnúsdóttur. Á vorönn voru einnig fundir í boði í Stavanger í umsjá Þórunnar Ágústu Þórsdóttur. Ungmennin hafa hist annan hvern föstudag.

Rebekka fór með fjóra ungliða á leiðtoganámsskeið íslensku kirknanna á norðulöndunum, einn frá Ósló, einn frá Sandefjord og tvo frá Stavangersvæðinu. Kenndir voru leikir og hópefli og skipst á reynslusögum og hugmyndum úr starfinu.

Starf 60 ára og eldri

Á vorönn hélt sr. Lilja Kristín utan um starfið sem er einn fimmtudag í mánuði. Byrjað er á kyrrðar- og íhugunarstund og síðan er léttur hádegisverður. Fengnir voru gestir til að halda stutt fræðsluerindi. Vorönn lauk með ferðalagi til Heddal, Notodden og Larvik.

Á haustönn hefur Rúnar Sigríksson haldið utan um starfið og er nú orðinn góður hópur sem mætir reglulega, fær sér að borða og skrafar svo um heima og geima á eftir.

Samstarf við kóra og tónlistarfólk

Söfnuðurinn hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa 4 kóra að leita til, en þeir eru: Ískórinn, Kór Kjartans, Sönghópurinn í Bergen og Sönghópurinn Laffi. Einnig hefur Gróa Hreinsdóttir verið organisti í Ósló. Við viðburði úti á landsbyggðinni hefur Kristín Magdalena Ágústsdóttir sungið, sem og Ómar Diðriksson í félagsskap fiðluleikarans Hjörleifs Valssonar. Einnig komu fram ýmsir tónlistarmenn við mismunandi viðburði, margir hverjir í sjálfboðavinnu.

Samstarf við Biskupsstofu Íslands

Auk hefðbundins samstarfs hefur Biskupsstofa aðstoðað söfnuðinn, m.a. við að fá prest til okkar frá Íslandi þegar á hefur þurft að halda. Eins kom vígslubiskupinn í Skálholti, Kristján Björnsson, á haustdögum og átti gott spjall við fráfaramandi sóknarprest, formann og varaformann safnaðarins. Hann sá um að flytja með sér kirkjubók safnaðarins á Biskupsstofu til varðveislu þar meðan ekki er starfandi sóknarprestur hjá söfnuðinum.

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Den Islandske

menighet i Norge

org.nr. 979706596

RESULTATREGNSKAP			
	NOTER	2018	2017
DRIFTSINNTEKTER			
Andre driftsinntekter	1	3 445 605	1 865 245
Sum driftsinntekter		3 445 605	1 865 245
DRIFTSKOSTNADER			
Lønns- og personalkostnader	2	2 367 185	3 360 965
Annen driftskostnad	3	1 622 835	2 076 556
Sum driftskostnader		3 990 020	5 437 521
DRIFTSRESULTAT		-544 415	-3 572 276
FINANSINNT. OG KOSTNADER			
Inntekt på investeringer		0	0
Andre renteinntekter		16 695	21 546
Tap på investeringer			0
Andre rentekostnader		-604	0
Resultat av finansinnt. og kostnader		16 091	21 546
ÅRSRESULTAT		-528 324	-3 550 730
OVERFØRINGER			
Avsatt til annen egenkapital	5	-528 324	-3 550 730
NETTO OVERFØRINGER		-528 324	-3 550 730

BALANSE			
	NOTER	2018	2017
EIENDELER			
ANLEGGSMIDLER			
Lokaler Pilestredet Park 20		3 544 205	3 544 205
Inventar		487 315	487 315
Investeringer		0	0
Depositum		12 000	212 653
SUM ANLEGGSMIDLER		4 043 518	4 244 171
Finansielle anleggsmidler			
OMLØPSMIDLER			
Andre fordringer		0	0
Bankinnskudd, kontanter og lignende	4	4 935 334	5 202 248
Sum fordringer		4 935 334	5 202 248
SUM OMLØPSMIDLER		4 935 334	5 202 248
SUM EIENDELER		8 978 852	9 446 419

BALANSE	NOTER	2018	2017
EGENKAPITAL OG GJELD			
EGENKAPITAL			
Opptjent egenkapital			
Annen egenkapital		8 377 067	8 905 390
Sum opptjent egenkapital		8 377 067	8 905 390
Sum egenkapital	5	8 377 067	8 905 390
GJELD			
LANGSIKTIG GJELD			
Lånegjeld	6	0	0
Sum langsiktig gjeld		0	0
KORTSIKTIG GJELD			
Leverandørgjeld		0	0
Skyldig offentlig avgifter		370 676	209 323
Annen kortsiktig gjeld		231 109	331 706
Sum kortsiktig gjeld		601 785	541 029
Sum gjeld		601 785	541 029
SUM GJELD OG EGENKAPITAL		8 978 852	9 446 419

Oslo, mars 2019 / 31.12.2018

I styret for Den Islandske Menighet i Norge

Rebekka Ingibjartdóttir
Styremedlem

Runar Sigriksson
Styreleder

Ingvar Ingolfsson
Kasserer

Rebekka Ingibjartdóttir

Runar Sigriksson

Ingvar Ingolfsson

Jonina M Arnordóttir
Nestleder

Bjørn Hallbeck
Styremedlem

Jonina M Arnordóttir

Bjørn Hallbeck

SKÝRINGAR MEÐ REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNING

Den Islandske menighet i Norge NOTER 2018

Regnskapsprinsipper

Årsregnskapet er satt opp i samsvar med regnskapsloven og god regnskapsskikk for små foretak

Hovedregel for vurdering av klassifisering av eiendeler og gjeld

Eiendeler bestemt til varig eie eller bruk er klassifisert som anleggsmidler. Andre eiendeler er klassifisert som omløpsmidler. Fordringer som skal tilbakebetales innen et år er uansett klassifisert som omløpsmidler. Ved klassifisering av kortsiktig og langsiktig gjeld er analoge kriterier lagt til grunn.

Anleggsmidler vurderes til anskaffelseskost, men nedskrives til virkelig verdi når verdifallet forventes ikke å være forbigående. Anleggsmidler med begrenset økonomisk levetid avskrives planmessig. Langsiktig gjeld balanseføres til nominelt mottatt beløp på etableringstidspunktet. Langsiktig gjeld oppskrives ikke til virkelig verdi som følge av renteendring.

Omløpsmidler vurderes til laveste av anskaffelseskost og virkelig verdi. Kortsiktig gjeld balanseføres til nominelt mottatt beløp på etableringstidspunktet. Kortsiktig gjeld oppskrives ikke til virkelig verdi som følge av renteendring.

Note 1 Annen driftsinntekt

	2018	2017
Leieinntekter	0	0
Statstilskudd	1 488 363	571 376
Kommunetilskudd	1 599 716	1 004 767
Momskompensasjon	283 749	289 102
Inntekter krisefondet	73 777	0
Total driftsinntekter	3 445 605	1 865 245

Note 2 Lønnskostnader og honorarer

	2018	2017
Lønn	2 042 280	2 891 295
Arbeidsgiveravgift	292 506	412 618
Pensjonskostnader	32 399	57 052
Sum lønnskostnader	2 367 185	3 360 965

Det er kostnadeført kr. 32 562,- i revisjonshonorar i 2018.

Note 3 Annen driftskostnad

	2018	2017
Kostnader lokaler	249 967	168 500
Anskaffelser/medlemsregister	405 381	423 869
Kontordrift	198 594	227 984
Aktiviteter	200 574	475 540
Eksterne honorarer	286 869	235 167
Reisekostnader	207 893	375 074
Kulturtiltak	44 869	110 370
Annonser	0	56
Forsikringer	12 928	14 945
Øvrige kostnader	15 761	45 051
Total annen driftskostnad	1 622 835	2 076 556

Note 4 Bankinnskudd

Av selskapets bankinnskudd er kr. 105 650,- innsestående på konto for skattetrekk. Skyldig skat for 6 termin 2018 utgjør kr. 65 037,-.

Note 5 Egenkapital

	2018	2017
Egenkapital 1.1.	8 905 390	12 456 122
Årets overskudd	-528 323	-3 550 732
Egenkapital 31.12.	8 377 067	8 905 390

Note 6 Langsiktig gjeld / Pantstillelser

Selskapet har ikke langsiktig gjeld eller pantstillelser ved utgangen av 2018.

Note 7 Fortsatt drift

Forutsetningene for tilskudd fra det offentlige har blitt vesentlig endret. Dette har medført at medlemsregistrering har endrede forutsetninger og medlemsantall falt betraktelig. Styret i menig har iverksatt flere tiltak i denne sammenheng. Vi nevner følgende:

- eksternt medlemsverving som har øket antal tilskuddsbærende medlemmer betydelig
- redusert aktivitet for ulike grupper
- reduksjon i lønnskostnader ved naturlig avgang i 2018

Med disse tiltak mener styret at det er gode forutsetninger for fortsatt drift i menigheten.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019 OG SKÝRINGAR

Tekjur

Sóknargjöld	7 173 824
Leigutekjur	kr 25 000
Presttengd þjónustu	kr 25 000
Endurgreiddur VSK	kr 250 000
Styrkir vegna barnastarfs	kr 50 000
Átaksverkefni	kr 25 000
Vextir	kr 33 000
Samtals:	kr 7 581 824

Útgjöld

1. Börn	480 989
- þar af laun	303 989
2. Unglingar	453 564
- þar af laun	210 454
3. Eldri borgarar	kr 56 600
- þar af laun	-
4. Fermingarbörn	158 148
- þar af laun	kr 9 448
5. Ólafíusjóður	249 064
- þar af laun	38 264
6. Fullorðingsfræðsla	141 110
- þar af laun	129 910
7. Stjórnun	2 686 166
- þar af laun	2 071 450
8. Menning	264 000
- þar af laun	-
9. Prestþjónusta	850 309
- þar af laun	52 909
11. Ólafíustofa	282 188
- þar af laun	-
Samtals:	5 917 735
- þar af laun	3 055 473

Áætlaður rekstrar afgangur: 1 664 089

	Regnskap
	2018

Driftsinntekter	
3206	Inntekt fra presttjenester
3600	Leieinntekter fast eiendom
3901	Statstilskudd Norge
3902	Kommunetilskudd Norge
3903	Andre tilskudd
3994	Momskompensasjon
3997	Inntekter konformanter
8070	Renteinntekter
Sum Driftsinntekter	3 461 696

Budsjett	1	2	3	4	5	6	7	8	9	11
2019	Barn	Ungdom	Eldre	Konfirmanter	Olafiafondet	Voksenoppfølging	Administrasjon / styre	Kultur	Prestetjenester	Olafíustue

25 000										
25 000										
3 586 912										
3 586 912										
75 000										
250 000										
-										
33 000										
7 581 824										

Driftskostnader

Lønnskostnader

5010	Faste lønninger	1 992 075
5190	Påløpe feriepengar	222 065
5220	Fri telefon	4 758
5270	Godtgjøreelse telefon (lønn)	
5291	Motkonto, 5220	-4 758
5300	Andre honorar, lønn	
5330	Godtgj. til styre og bedriftsforsamling	75600
5410	Arbeidsgiveravgift	261 195
5411	Arb.giv.avg. pål. feriep.	31 311
5420	Innberetningspliktige pensjonskostnader	63 718
5800	Refusjon lønn	-279 470
5900	Andre personalkostnader	690
Sum lønnskostnader	2 367 185	

2 287 404	257 400	178 200	-	8 000	32 400	110 000	1 656 604	-	44 800	
239 049	* Feriepenger fra 2018 som utbetales i juni 2019.									
-										
-										
-										
-										
50 000							50 000			
322 524	36 293	25 126	-	1 128	4 568	15 510	233 581	-	6 317	
-										
91 496	10 296	7 128	-	320	1 296	4 400	66 264	-	1 792	
-										
65 000							65 000			
3 055 473	303 989	210 454	-	9 448	38 264	129 910	2 071 450	-	52 909	-

Annen driftskostnad

6300	Leie lokaler	80 973
6310	Leie Kirke/menighetshus	83 480
6320	Leie prestbolig	
6321	Leie av bod	
6340	Lys, varme	50 510
6360	Renhold	9 414
6370	Eiendomskatt	11 775
6380	Alarm, sikkerhet	13 825
Sum kostnader lokaler		249 977

55 200				12 000						43 200
94 000									94 000	
-										
6 400										6 400
20 400										20 400
72 000										72 000
12 000										12 000
14 388										14 388
274 388	-	-	-	12 000	-	-	-	-	94 000	168 388

6420	Leie Sticos, abb.	9 844
6510	Kontormaskiner, inventar o.l	
6520	Arb.klær/ utstyr	3 953
6540	Inventar	
6550	Driftsmaterialer	4 688
6555	Driftskostnad/registrering	359 063
6560	Datakostnader	27 834
6580	Kulturtiltak	11 398
6581	Barne og ungdomstiltak	18 163
6582	Bibelsk litt.og trykksaker	9 948
6583	Eldre borgere, tiltak	12 084
6584	Konfirmanter	29 172
6585	Kostander vedr. messer/gudstj.	16 656
6586	Krisefond	18 000
6588	Kostnader v/menighetshus	
6589	Ungdomstiltak	9833
6590	Tiltak styre	
Sum kostnadsførte anskaffelser		530 634

-										
15 000										15 000
5 000									5 000	
-										
5 000							2 500		1 500	1 000
30 000							30 000			
65 000							50 000			15 000
262 200								262 200		
328 190	112 440	215 750								
57 000	30 000			27 000						
56 600			56 600							
91 700				91 700						
458 800									458 800	
-										
72 800										72 800
-										
25 000							25 000			
1 472 290	142 440	215 750	56 600	118 700	-	-	107 500	262 200	465 300	103 800

6700	Revisjonskostander	32 563
6705	Regnskapskostnader	158 719
6720	Honorar for økonomisk & juridisk bistand	7313
6711	Andre honorar	71 550
6750	Leie prestetjenester	6 703
6780	Leie organist/kor mm.	183 040
6790	Honorar selvstendig næringsdrivende	14 340
6795	Honorar utland	
Sum eksterne honorar		474 227

35 000							35 000			
112 000							112 000			
80 000							80 000			
35 000							35 000			
25 000									25 000	
70 000									70 000	
-										
-										
357 000	-	-	-	-	-	-	262 000	-	95 000	-

6600	Reparasjoner og vedlikehold bygninger	40124
6620	Reparasjoner og vedlikehold utstyr	3156
6800	Kontorrekvisita	6 841
6820	Menighetsblad	1 409
6840	Aviser, tidsskrifter, bøker mv.	395
6860	Møter/kurs internt	140
6861	Møter/kurs eksternt	5 134
6890	Kontordrift	8 753
6895	Kostnader u/dokumentasjon 2018	22 348
6900	Telefon	22 720
6907	Telefon prest	11 290
6940	Porto	3 757
Sum kontor kostnader		126 066

35 000									35 000
5 000									5 000
20 000						10 000		5 000	5 000
-									
-									
10 000						10 000			
25 000						25 000			
30 000						20 000			10 000
-									
23 124						21 576			1 548
8 500								8 500	
10 000						10 000			
166 624	-	-	-	-	-	96 576	-	13 500	

7100	Bilgodtgjørelse, oppgavepliktig	74 301
7140	Reisekostnader, ikke oppgavepliktig	133 592
7150	Diettkostnader, oppgavepliktig	
7160	Diettkostnader, ikke oppgavepliktig	
Sum reise, diett og bilgodtgjørelse		207 893

-										
263 840	28 800	21 600		18 000	10 800	8 000	71 640		105 000	
25 000							10 000		15 000	
-										
288 840	28 800	21 600	-	18 000	10 800	8 000	81 640	-	120 000	-

7320	Annonser	
Sum salgs og reklamekostnader		0

32 120	5 760	5 760				3 200	6 000	1 800	9 600	
32 120	5 760	5 760	-	-	-	3 200	6 000	1 800	9 600	-

7380	Gjestfrihet	2 928
7420	Gaver fradrag	2421
7451	Krisehjelp, uforutsett	
7460	Støtte	
Sum gaver og kontingenter		5 348

-										
-										
-										
200 000					200 000					
200 000	-	-	-	-	200 000	-	-	-	-	-

7500	Forsikringspremier	12 928
7700	Styre- og bedriftsforsamlingsmøte	5 010
7710	Administrasjon	4 217
7720	Generalmøte	
7770	Bank og kortgebyrer	6 528
7790	Andre kostnader	7
Sum andre kostnader		28 690

20 000							10 000			10 000
15 000							15 000			
25 000							25 000			
11 000							11 000			
-										
71 000	-	-	-	-	-	-	61 000	-	-	10 000

Sum driftskostnader	3 990 020
---------------------	-----------

5 917 735	480 989	453 564	56 600	158 148	249 064	141 110	2 686 166	264 000	850 309	282 188
-----------	---------	---------	--------	---------	---------	---------	-----------	---------	---------	---------

Driftsresultat	-528 323
----------------	----------

1 664 089

STAÐFESTING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA

Registrert revisjonsselskap
GLOMMEN REVISJON AS
Revisornr. 975 256 243

Til årsmøte i

Den Islandske menighet i Norge

Uavhengig revisors beretning

Uttalelse om revisjonen av årsregnskapet

Konklusjon

Vi har revidert årsregnskapet for Den islandske menighet i Norge som viser et negativt aktivitetsresultat på NOK 528.324,-. Årsregnskapet består av balanse per 31. desember 2018, aktivitetsregnskap for regnskapsåret avsluttet per denne datoen og noter, herunder et sammendrag av viktige regnskapsprinsipper.

Etter vår mening er det medfølgende årsregnskapet avgitt i samsvar med lov og forskrifter og gir et rettviseende bilde av selskapets finansielle stilling per 31. desember 2018, og av dets resultater for regnskapsåret avsluttet per denne datoen i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge.

Grunnlag for konklusjonen

Vi har gjennomført revisjonen i samsvar med lov, forskrift og god revisjonsskikk i Norge, herunder de internasjonale revisjonsstandardene (ISA-ene). Våre oppgaver og plikter i henhold til disse standardene er beskrevet i Revisors oppgaver og plikter ved revisjon av årsregnskapet. Vi er uavhengige av organisasjonen slik det kreves i lov og forskrift, og har overholdt våre øvrige etiske forpliktelser i samsvar med disse kravene. Etter vår oppfatning er innhentet revisjonsbevis tilstrekkelig og hensiktsmessig som grunnlag for vår konklusjon.

Øvrig informasjon

Ledelsen er ansvarlig for øvrig informasjon. Øvrig informasjon består av årsberetning, men inkluderer ikke årsregnskapet og revisjonsberetningen.

Vår uttalelse om revisjonen av årsregnskapet dekker ikke øvrig informasjon, og vi attesterer ikke den øvrige informasjonen.

I forbindelse med revisjonen av årsregnskapet er det vår oppgave å lese øvrig informasjon med det formål å vurdere hvorvidt det foreligger vesentlig inkonsistens mellom øvrig informasjon og årsregnskapet, kunnskap vi har opparbeidet oss under revisjonen, eller hvorvidt den tilsynelatende inneholder vesentlig feilinformasjon. Dersom vi hadde konkludert med at den øvrige informasjonen inneholder vesentlig feilinformasjon er vi pålagt å rapportere det. Vi har ingenting å rapportere i så henseende.

Styrets og daglig leders ansvar for årsregnskapet

Styret og daglig leder er ansvarlig for å utarbeide årsregnskapet i samsvar med lov og forskrifter, herunder for at det gir et rettviseende bilde i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge. Ledelsen er også ansvarlig for slik intern kontroll som den finner nødvendig for å kunne utarbeide et årsregnskap som ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller utilsiktede feil.

Ved utarbeidelsen av årsregnskapet må ledelsen ta standpunkt til organisasjonens evne til fortsatt drift og opplyse om forhold av betydning for fortsatt drift. Forutsetningen om fortsatt drift skal legges til grunn for årsregnskapet så lenge det ikke er sannsynlig at virksomheten vil bli avvirket.

Revisors oppgaver og plikter ved revisjonen av årsregnskapet

Vårt mål er å oppnå betryggende sikkerhet for at årsregnskapet som helhet ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller utilsiktede feil, og å avgi en revisjonsberetning som inneholder vår konklusjon. Betryggende sikkerhet er en høy grad av sikkerhet, men ingen garanti for at en revisjon utført i samsvar med lov, forskrift og god revisjonsskikk i Norge, herunder ISA-ene, alltid vil avdekke vesentlig feilinformasjon som eksisterer. Feilinformasjon kan oppstå som følge av misligheter eller utilsiktede feil. Feilinformasjon blir vurdert som vesentlig dersom den enkeltvis eller samlet med rimelighet kan forventes å påvirke økonomiske beslutninger som brukerne foretar basert på årsregnskapet.

Det henvises til <https://revisorforeningen.no/revisjonsberetninger> som inneholder en beskrivelse av revisors oppgaver og plikter.

Uttalelse om øvrige lovmessige krav

Konklusjon om årsberetningen

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, mener vi at opplysningene i årsberetningen om årsregnskapet, forutsetningen om fortsatt drift og forslaget til dekning av underskuddet er konsistente med årsregnskapet og i samsvar med lov og forskrifter.

Konklusjon om registrering og dokumentasjon

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, og kontrollhandlinger vi har funnet nødvendig i henhold til internasjonal standard for attestasjonsoppdrag (ISAE) 3000 «Attestasjonsoppdrag som ikke er revisjon eller forenklet revisorkontroll av historisk finansiell informasjon», mener vi at ledelsen har oppfylt sin plikt til å sørge for ordentlig og oversiktlig registrering og dokumentasjon av selskapets regnskapsopplysninger i samsvar med lov og god bokføringsskikk i Norge.

Kongsvinger, 05.04.2019
Glommen Revisjon AS


Tom Sverre Bang
Reg.revisor

STYRETS KORFATTET ÅRSMELDING FOR 2018

1. Oppsummering av trossamfunnets aktiviteter i det aktuelle året

Det offisielle navnet på Den Islandske folkekirkens menighet i Norge er: Den Islandske Evangeliske-Lutherske menighet i Norge. Menigheten er underlagt biskopen i Den Islandske Folkekirke. Medlemmer i Den Islandske Folkekirken i Norge er de som har gitt samtykke eller registrert seg selv i menigheten i Norge, og har umiddelbart rett og krav på kirkelige handlinger, sjelsorg og bistand fra menigheten i Norge i kraft av sitt medlemskap.

2. Drift og virksomhetens art og lokalisering i 2018

Menigheten driver virksomhet over hele Norge. Menighetens hovedsete og besøksadresse, Olafstofta, Pilestredet Park 20, 0176 i Oslo kommune. Menigheten gjennomførte 19 gudstjenester i 2018 og driver bla. søndagsskoler, barne- og ungdomsarbeid over hele landet. I 2018 ble det arrangert aktiviteter i byer som Stavanger, Bergen, Fredrikstad, Kristiansand, Sandefjord, Drammen, Tromsø, Kristiansund, Trondheim og Oslo.

Styret har i 2018 hatt 12 styremøter. Styret har i 2018 fulgt opp prestens arbeid, menigheten avholder regelmessig gudstjenester rundt omkring i Norge og legger stor vekt på å gi tilbud til alle medlemmer i menigheten. Det har også vært lagt stor vekt på økt kristelig opplæring for barn, ungdom og eldre i menigheten etter menighetens økonomiske evner. Menigheten har hatt flere trosopplærings- og kulturtiltak for barn, ungdom og voksne.

Menigheten driver søndagsskole, barne- og ungdomsklubber på forskjellige steder rundt omkring i landet, som hver er ledet av to ledere. Menigheten tilbyr også sammenkomst for eldre i Oslo en gang i måneden. Vi har oppretholdt arbeid og begrensinger i forhold til de økonomiske innskrenkninger som menigheten har stått ovenfor særlig de tre årene. Vi var nødt til å permittere sokneprest i 50% stilling i noen måneder. Vi hadde tre ansatte i starten av året i 100% stilling men den andre presten sa opp og sluttet i sin stilling i slutten av mai samme år. Vi måtte opprette stilling for daglig leder i 50% stilling fra og med juli og ut året. Da først fikk vi ordentlig skikk på driften av menighetens virksomhet.

Arbeidsmiljø

Styret anser at arbeidsmiljøet er godt. Det er som tidligere år ansatt en prest som er underlagt biskopen, på Island. Menigheten har ansatt ny prest som starter opp 1. august 2019. Daglig leder og sokneprest har 100% stillinger fra starten av 2019. I tillegg er det ansatt en del timelønnede som søndagsskolelærere, barne- og ungdomsledere, organister og assistenter.

Det har vært noen sykkelmeldinger i løpet av året og styret har gjort relevante tiltak. Pga økonomiske situasjonen da måtte vi permittere presten i 50% stilling i 6 måneder til å redusere underskudd. Ansatte i menigheten har ikke vært utsatt for ulykke eller skade i forbindelse med utførelse av arbeid. Det har ikke vært noen sykkelmeldinger i løpet av året.

Ytre miljø

Menigheten driver ikke virksomhet som forurenser det ytre miljøet.

Likestilling

Det er ansatt en mann og kvinne i menigheten. Det vil ikke være nødvendig å iverksette spesielle tiltak for å fremme likestilling. Begge kjønn er representert i styret (3 menn og 2 kvinner).

3. Trossamfunnets rutiner for og inn- og utmelding

Medlemmer i Den Islandske menigheten i Norge er alle personer som er medlem av Den Islandske Folkekirke, jf pkt 1. Vilkår for Innmelding følger av Islandsk kirkelov, se LINK ..(<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>) og medlemmer i Den Islandske Folkekirke registreres i Det Sentrale Islandske Folkeregister (<http://www.skra.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6964>), jf lov om trudomssamfunn § 9, 1 ledd som lyder: "Trudomssamfunnet fastsette selv kva måte innmelding i samfunnet skal gjerast på."

Når det gjelder rutiner for utmelding har Menigheten link på sin hjemmeside til Thjóðskrá, Det Sentrale Folkeregister på Island, der skjema til utmelding og rettledning for fremgangsmåte finnes. Menigheten bistår alle medlemmer eller ikke-medlemmer som ønsker bistand til innmelding eller utmelding av Den Islandske Folkekirken, blant annet ved utsendelse av omtalte skjema tilsendt enten i posten eller via e-post. Det er medlemmet selv som må foreta utmeldingen.

4. Trossamfunnets rutiner for medlemsregisterføring

Medlemsregister oppdateres regelmessig. Vi har brukt mengder med penger og tid til å kontakte våre medlemmer og få medlemsskapet bekreftet. I dag bruker vi pdatert medlemsoversikt fra Den Islandske Folkekirke sentralt og tar kontakt med de medlemmene som flytter til Norge fra Island. Menigheten overholder de krav og vilkår som følger av lov om trudomssamfunn og ymist anna med forskrift, og øvrig norsk lovgivning.

5. Trossamfunnets rutiner for oppbevaring av og tilgang til medlemregisteret og dokumenter med sensitive personuopplysninger om medlemmer

I dag befinner medlemsregisteret seg i en Excel fil men blir overført inn i en database (FilemakerPro) som er bevart med passord og de som har tilgang er daglig leder og sokneprest. Ellers er oppbevaring av og tilgang til medlemsregisteret i forhold til nye regler (GDPR) og alle medlemmer er opplyst om menighetens metoder:

“Den 1. juli 2018 trer EUs forordning for personvern (GDPR) i kraft og blir norsk lov. Den erstatter dagens regelverk, og innebærer en økt beskyttelse ved behandling av personopplysninger og flere rettigheter for deg som kunde. Blant annet har du rett til å få vite hvordan og hvorfor vi behandler dine personopplysninger.

Vi i Den Islandske menighet i Norge har alltid vært nøye med å beskytte din personlige integritet og dine personopplysninger. For å tydeliggjøre dine rettigheter, har vi nå blant annet laget et nytt integritetsvern.

Om du har spørsmål er du velkommen til å kontakte vårt datavernombud på “formadur@kirkjan.no”.

6. Menighetens regnskap.

Menighetens regnskap gir rettmessig bilde av virksomheten i 2018 - se vedlagte dokumenter.

Oslo, 08. april 2019

Styret i Den islandske Evangeliske Lutherske Menighet i Norge

Rebekka Ingibjartsdottir
Styremedlem

Runar Sigriksson
Styreleder

Ingvar Orn Ingolfsson
Kasserer

Jonina Margret Arnorsdottir
Nestleder

Björn Hallbeck
Skrater

ÁRSHJÓL

Tillaga að guðspjónustum á haustmisseri 2019

27	Sumarfrí
28	Sumarfrí
29	Sumarfrí
30	Sumarfrí
31	Sumarfrí
32	Guðspjónusta í Nordberg kirkju í Oslo
33	
34	Guðspjónusta í Stavanger og Haugesund
35	
36	Guðspjónusta í Bergen og Álasund
37	
38	Guðspjónusta í Hønefoss og Prándheimi
39	
40	Haustfrí
41	
42	Guðspjónusta í Tromsø
43	Ólafíuhátíðin í Ólafíustofu
44	Allraheilagramessa í Nordberg kirkju í Oslo
45	
46	Guðspjónusta í Hønefoss
47	
48	Aðventuhátíð í Oslo og út á einum öðrum stað úti á landsbyggðinni
49	Hátíðarguðspjónusta í Kristiansand og Sandefjord
50	Hátíðarguðspjónusta í Stavanger og Haugesund
51	Hátíðarguðspjónusta í Bergen og Álasund
52	Hátíðarguðspjónusta Nordberg kirkju í Oslo og í Prándheimi

Tillaga að guðspjónustum á vormisseri 2020


- | | |
|----|--|
| 01 | Guðspjónusta í Nordberg kirkju í Oslo |
| 02 | |
| 03 | Guðspjónusta í Drammen |
| 04 | |
| 05 | Guðspjónusta í Fredrikstad |
| 06 | |
| 07 | Guðspjónusta í Álasundl |
| 08 | Vetrarfrí |
| 09 | |
| 10 | Samnorræn messa í Oslo |
| 11 | |
| 12 | Guðspjónusta í Haugasundi |
| 13 | |
| 14 | Guðspjónusta í Hønefoss og Þrándheimi |
| 15 | |
| 16 | |
| 17 | Hátíðarguðspjónusta 2. páskadag í Nordberg |
| 18 | |
| 19 | Guðspjónusta í Nordberg kirkju í Oslo |
| 20 | |
| 21 | Guðspjónusta í Kristiansand og Sandefjord |
| 22 | Sjómannadagsmessa í Tromsø |
| 23 | |
| 24 | Fermingarguðspjónusta í Nordberg kirkju í Oslo |
| 25 | |
| 26 | Fermingarmessa í Seltjarnarneskirkju (síðasta sunnudag í júní) |
| 22 | Guðspjónusta í Tromsø |
| 23 | |
| 24 | Guðspjónusta í Nordberg kirkju í Oslo |
| 25 | |
| 26 | Fermingarguðspjónusta í Hallgrímskirkju |

MEGINSTARFSSTÖÐVAR

ÍSLENSKI SÖFNUÐURINN ÞJÓNAR ÖLLUM NOREGI

Sé Noregi skipt upp í 6 svæði eftir búsetudreifingu Íslendinga þá verður niðurstaðan eins og kortið sýnir. Flestir búa í Oslo og nágrenni eða 39% og fæst erum við í Þrándalögum eða einungis 4%.





Íslenski söfnuðurinn
í Noregi

Ólafíustofa
Pilestredet Park 20
0176 Oslo

Sími 223 60 140
starfsmadur@kirkjan.no
www.kirkjan.no